

Skýrsla

fjármála- og efnahagsráðherra um tekjutap ríkisins vegna samdráttar á virðisaukaskatti af innlendum vörum og þjónustu, samkvæmt beiðni.

(Lögð fyrir Alþingi á 141. löggjafarþingi 2012–2013.)

Með beiðni á þskj. 505 frá Vigdísi Hauksdóttur og fleiri alþingismönnum er þess óskað að fjármála- og efnahagsráðherra flytji Alþingi skýrslu um tekjutap ríkisins vegna samdráttar á virðisaukaskatti af innlendum vörum og þjónustu. Í skýrslubeiðninni eru allnákvæm fyrirmæli um hvað skoða skuli og hvað ekki. Skýrslubeiðnin er í sex tilgreindum tölulíðum en hana er að finna í viðauka.

Skýrslan er í þremur meginhlutum. Í fyrsta hluta er að finna samantekt á svörum við einstökum tölulíðum skýrslubeiðninnar. Í öðrum hluta er fjallað almennt um virðisaukaskatt, grundvallarreglur og eðli hans og þróun tekna ríkissjóðs af þessum stærsta einstaka tekjustofni hans undanfarin ár. Fjallað er um hvernig virðisaukaskattur er lagður á og með hvaða hætti hann skilar sér í ríkissjóð. Í þriðja hluta er fjallað nánar um þá greiningu sem gerð var í þeirri viðleitni ráðuneytisins að svara beiðninni með eins faglegum og ítarlegum hætti að mögulegt var á grundvelli þeirra gagna sem fyrir lágu.

Það tímabil sem hér hefur verið tekið til skoðunar nær almennt aftur til ársins 2004 og til og með árinu 2011. Áhersla er þó lögð á að skoða tímabilið 2009 - 2011 eins og gert er í skýrslubeiðninni. Engar upplýsingar eru greindar fyrir árið 2012 þar sem ekki liggja enn fyrir sambærilegar tölur fyrir það ár og árin á undan.

I. Samantekt

1. Hver er skýringin á því að þegar nettóálagning síðustu ára er skoðuð þá má sjá að hún hefur lækkað mikið?

Svar: Fyrir liggur að nettóálagning virðisaukaskatts, þ.e. útskattur að frádregnum innskatti, samkvæmt virðisaukaskattsskýrslum af innlendri starfsemi hefur dregist saman síðustu árin. Nánari greining á útskatti og innskatti sýnir að innskattur sem myndar frádrátt frá útskatti hefur aukist meira en útskattur af endanlegri sölu, sem skýrir þessa lækkun. Á sama tíma hefur virðisaukaskattur af innflutningi aukist sem endurspeglast aftur í þeirri aukningu sem hefur orðið á innskattsfrádrættinum. Áréttu þarf að þessir tveir meginþættir virðisaukaskatts, þ.e. nettótekjur skv. virðisaukaskattsskýrslum og tekjur af innflutningi, eru samtvinnaðir sem þýðir að skoða þarf þróun þeirra samhliða

en ekki í einangrun. Nánari greiningu á framangreindri þróun eftir atvinnugreinum er að finna í III. hluta skýrslunnar.

2. Hvernig hefur þetta tekjutap áhrif á hagþróun og tekjur ríkisins?

Svar: Á tímabilinu 2009-2011 lækkaði álagning virðisaukaskatts af innlendum vörum og þjónustu um tæplega 25 ma.kr. Varhugavert er að túlka þessa lækkun sem tekjutap ríkissjóðs því hún á rætur að rekja til flókens samspils innskatts og útskatts og geta tímabundnar aðstæður í einstökum atvinnugreinum haft þar veruleg áhrif. Fremur ber að líta á þessa lækkun sem afleiðingu þeirra efnahagsaðstæðna sem hafa ríkt hér á landi á umræddu tímabili og einnig afleiðingu af breyttum aðstæðum innan einstakra atvinnugreina. Þess má einnig geta að þrátt fyrir að innlend álagning hafi lækkað jukust heildartekjur ríkissjóðs af virðisaukaskatti úr 121,5 mö.kr. í 131,4 ma.kr. á umræddu tímabili samkvæmt ríkisreikningi. Með öðrum orðum, efnahagshrunið 2008 er meginorsökin fyrir minnkandi tekjum ríkissjóðs af virðisaukaskatti sem og öðrum sköttum sem skert hefur afkomu ríkissjóðs með tilheyrandi skuldasöfnun og aukinni vaxtabyrði.

3. Hefur verið gerð sérstök greining eða rannsókn á þessu tekjutapi í ráðuneytinu?

Svar: Í þessari skýrslu er leitast við að varpa ljósi á álagningu virðisaukaskatts af innlendum vörum og þjónustu og sömuleiðis virðisaukaskattskerfið í heild sinni með eins nákvæmum hætti og mögulegt er á grundvelli þeirra gagna sem fyrir liggja. Fjármála- og efnahagsráðuneytið fylgist grannt með virðisaukaskatti og innheimtu hans líkt og endurspeglast meðal annars í umfjöllun um tekjur ríkissjóðs í 2. hluta athugasemda við fjárlagafrumvarp hvers árs. Þá gerir ráðuneytið einnig grein fyrir innheimtu virðisaukaskatts og hversu vel hún er í samræmi við áætlanir í mánaðarlegri greiðsluafkomu ríkissjóðs sem birt er á vef ráðuneytisins. Hins vegar má segja að skýrslubeiðnin hafi gefið fjármála- og efnahagsráðuneytinu kærkomið tækifæri til að greina innviði virðisaukaskattskerfisins frá þessum sjónarhóli. Það reyndist hins vegar tímafrekara verk en í upphafi var talið og í raun ástæða þess hversu mjög hefur dregist að koma skýrslunni í hendur Alþingis.

4. Svo virðist vera að tekjutap ríkisins af virðisaukaskatti af innlendum vörum og þjónustu hafi verið rúmir 25 milljarðar frá árinu 2009, hvert var tapið á árinu 2011 og það sem af er ársins 2012?

Svar: Sé einungis horft til nettóálagningar virðisaukaskatts af vörum og þjónustu samkvæmt ríkisreikningi, sbr. töflu 1 á bls. 8 í skýrslunni lækkaði sú stærð um 12,8 mia kr. milli 2009 og 2010 og 12,1 mia. kr. milli 2010 og 2011, eða samanlagt um tæpa 25 mia kr. á tímabilinu 2009 – 2011. Sambærilegar tölur fyrir árið 2012 liggja ekki fyrir. Sem fyrr er varað við að líta á þessa tölur sem tekjutap fyrir ríkissjóð vegna þess flókna samspils sem er á milli þessa þáttar og annarra í virðisaukaskattskerfinu.

5. Hver var heildarútskattsveltan og heildarinnskattsveltan á árunum 2009, 2010 og 2011 sem mynda nettótölnurnar í ríkisreikningi þessara ára.

Svar: Eins og fram kemur í töflu 1 í skýrslunni birtist í ríkisreikningi ár hvert tiltekin skipting á tekjum af virðisaukaskatti. Þar er ekki að finna tölur um veltu, útskatt eða

innskatt. Þær upplýsingar þarf að sækja í virðisaukaskattsskýrslur sem skattaðilar hafa skilað til embættis ríkisskattstjóra. Samkvæmt þeim gögnum nam heildarútskattur, heildarinnskattur og nettóálagning eftirfarandi fjárhæðum í milljörðum talið á tímabilinu 2009 – 2011:

	Útskattur	Innskattur	Nettóálagning
2009	342	306	36
2010	360	333	27
2011	375	363	12

Þessar tölur eru ekki fyllilega sambærilegar við niðurstöðutölur ríkisreiknings, meðal annars vegna þess að í síðarnefndu tölunum hefur verið tekið tillit til afskrifta. Að öðru leyti er vísað til nánari skýringa í III. kafla skýrslunnar.

6. Getur verið að tölur fyrir áætlaða aðila séu taldar með í ríkisreikningi 2011, en ekki fyrir 2009 og 2010?

Svar: Með vísan til töflu 1 skal tekið fram að áætlanir virðisaukaskatts eru meðtaldar í tölunum fyrir öll árin.

II. Almennt um virðisaukaskattskerfið

Lög um virðisaukaskatt nr. 50/1988, komu til framkvæmda í ársbyrjun 1990. Virðisaukaskattur kom í stað söluskatts sem áður hafði verið lagður á ýmis viðskipti. Virðisaukaskattur er innheimtur á öllum stigum viðskipta en munurinn á honum og söluskatti er sá að í stað þess að safnast upp þar til hinn endanlegi notandi kaupir vöru eða þjónustu er það megineinkenni virðisaukaskatts að við viðskipti milli skattskyldra aðila myndar greiddur virðisaukaskattur innskatt sem kemur til frádráttar við skil viðkomandi á útskatti í ríkissjóð. Skatturinn safnast þannig ekki upp og að lokum eru það endanlegir neytendur sem greiða skattinn enda telst virðisaukaskattur til neysluskatta. Söluskattsfyrirkomulag eins og gildi hér á landi og mun víðar var einfalt en þeim annmörkum háð að inn í endanlegu söluverði gat verið söluskattur sem lagður hafði verið á viðskipti milli aðila við framleiðsluna. Í virðisaukaskattkerfinu er álagning og eftirlit flóknara en virðisaukaskatturinn hefur þann kost að uppsöfnunaráhrifin eru ekki til staðar.

Skattskyldusvið virðisaukaskatts er viðtækt og nær til allra viðskipta með vörur og þjónustu með þeim undantekningum sem taldar eru upp í lögnum. Umfangsmestu undantekningarnar eru fjármála- og váttryggingaþjónusta, heilbrigðis-, mennta- og félagsleg þjónusta ásamt íþróttastarfsemi. Einnig eru fasteignaleiga, fólksflutningar, starfsemi ferðaskrifstofa, pósthjónusta, happdrætti, ýmis menningar- og liststarfsemi og útfarar- og prestþjónusta undanþegnar virðisaukaskatti. Undanþágurnar kunna að virðast nokkuð umfangsmiklar, en svipaðar virðisaukaskattsundanþágur eru í gildi í helstu samkeppnisríkjum.

Starfsemi sem er undanþegin virðisaukaskatti er ekki skráningarskyld á virðisaukaskattsskrá og virðisaukaskattur vegna aðfanga sem notuð eru í starfseminni fæst ekki frádrægin eða endurgreiddur í formi innskatts. Virðisaukaskatturinn safnast því upp og kaupendur vöru eða þjónustu greiða hann án þess að gerð sé sérstök grein fyrir því í viðskiptunum

Starfsemi sem er virðisaukaskattsskyld er skráningarskyld á virðisaukaskattsskrá og meginreglan er sú að virðisaukaskattur af þeim aðföngum sem notuð eru starfseminni kemur til frádráttar frá álögðum virðisaukaskatti við skil. Frá því eru þó nokkrar undantekningar. Þannig er ekki heimilt að draga virðisaukaskatt af kaupum eða rekstri ökutækja sem eru innan við 5 tonn að þyngd frá útskatti nema þegar um er að ræða svo kallaða *vask-bíla* sem eru auðkenndir með sérstökum skráningarnúmerum. Sama gildir um rekstur kaffistofu eða mótuneytis starfsmanna og nokkra aðra kostnaðarliði í rekstri fyrirtækja.


Virðisaukaskattur er lagður á og innheimtur í ríkissjóð með tvenns konar hætti. Við innflutning leggur tollstjóri á og innheimtir skattinn en við skattskylda sölu innanlands leggja virðisaukaskattsskyldir aðilar skattinn á og innheimta. Eftirfarandi skýringarmyndir gefa mynd af meðhöndlun virðisaukaskatts eftir því hvar hann er innheimtur.

Á mynd 1 er sýnd meðferð virðisaukaskatts af hefðbundnum innlendum viðskiptum þar sem að hluta til eru notuð innflutt aðföng og að hluta til innlend aðföng. Af innfluttu aðföngunum er greiddur virðisaukaskattur sem bókfærast sem tekjur ríkissjóðs en sá skattur myndar síðan frádrátt í formi innskatts hjá þeim sem flytur vöruna inn nema um sé að ræða undanþægan aðila eða endanlegan neytanda. Þegar seljandi gerir grein fyrir

sölu á virðisaukaskattsskýrslu myndar salan stofn útskatts en frá henni dregst virðisaukaskattur sem greiddur hefur verið öðrum aðilum (innskattur). Hann skilar síðan ríkissjóði mismuninum á útskatti og innskatti eða fær endurgreiðslu.


Mikill meirihluti innheimts virðisaukaskatts í tolli verður innskattur á virðisaukaskattsskýrslum frá innlendum söluaðilum og því ekki rökrétt að aðgreina virðisaukaskatt í tolli frá umfjöllun um skattinn í viðskiptum milli aðila innanlands.

Mynd 1: Virðisaukaskattur af innlendum viðskiptum



Við útflutning vöru er enginn virðisaukaskattur innheimtur en hins vegar er útflytjanda heimilt að draga virðisaukaskatt af aðföngum frá sem innskatt, hvort sem hann hefur verið greiddur við innflutning eða til annars innlands aðila. Virðisaukaskattsskýrslur útflytjenda eru því venjulega með lágum, eða jafnvel engum útskatti, en innskatturinn kemur til útborgunar.


Mynd 2: Virðisaukaskattur og útflutningur



Mynd 3 sýnir uppsöfnun virðisaukaskatts í starfsemi sem er undanþegin virðisaukaskatti. Eins og í öðrum viðskiptum greiða þeir sem slíki viðskipti stunda virðisaukaskatt við kaup á aðföngum sínum, hvort sem þau eru innflutt eða innlend. Munurinn er sá að þarna safnast virðisaukaskattur upp í hinu endanlega verði á viðkomandi vöru eða þjónustu sem neytandinn greiðir.

Atvinnurekstur getur verið að hluta til virðisaukaskattsskyldur og að hluta til undanþeginn virðisaukaskatti. Á það t.d. við um þá aðila sem bæði stunda fasteignaleigu og gistiþjónustu. Virðisaukaskatt sem fellur til vegna aðfanga í slíka starfsemi er að jafnaði heimilt að innskatta í réttum hlutföllum við virðisaukaskattskyldan hluta starfseminnar.

Mynd 3 :Virðisaukaskattur í undanþeginni starfsemi



Almennt þrep í virðisaukaskatti er 25,5% en innheimta ber 7% virðisaukaskatt af eftirtöldu:

- Hótel og gistiþjónusta.
- Afnotagjald útvarpsstöðva.
- Tímarit og dagblöð.
- Bækur (hér undir falla prentaðar bækur, hljóðbækur og rafbækur).
- Heitt vatn, rafmagn og olía til hitunar húsa og laugarvatns.
- Matvara og aðrar vörur til manneldis.
- Aðgangur að vegamannvirkjum.
- Geisladiskar og aðrir miðlar með tónlist en ekki mynd.
- Smokkar.
- Margnota bleiur og bleiufóður.

Á fyrri hluta ársins 2007 var skatthlutfall í lægra þrepi virðisaukaskatts lækkað úr 14% í 7%. Á sama tíma voru nokkrar vörutegundir sem áður höfðu verið í almenna (hærra) þrepinu færðar í það lægra. Vörugjöld á matvæli voru felld niður á sama tíma. Þrátt fyrir töluvert aukin umsvif í viðskiptum í lægra skattþrepinu hafði þessi breyting þau áhrif að tekjur af virðisaukaskatti lækkuðu meðal annars vegna þess að sú atvinnustarfsemi sem er í lægra skattþrepinu kaupir mikinn hluta sinna aðfanga með virðisaukaskatti í hærra þrepinu. Hækkun almenna þrepsins úr 24,5% í 25,5% árið 2010 jók enn á þessi áhrif.

Við efnahagshrunið varð mikill samdráttur í viðskiptum í almennu þrepi virðisaukaskatts. Þannig hefur velta í almenna þrepinu dregist saman um nær 700 milljarða frá toppárinu 2007 á verðlagi ársins 2011. Þetta er þriðjungs samdráttur og hefur það vitaskuld haft umtalsverð áhrif á tekjur ríkissjóðs. Sem dæmi má taka bifreiðainnflutning sem nam um 57 milljörðum á árinu 2007 á verðlagi ársins 2011 samanborið við um 15 milljarða innflutning á árinu 2011.

III. Þróun tekna af virðisaukaskatti síðustu ár – nánari greining.

Sem fyrr segir er virðisaukaskattur stærsti einstaki tekjustofn ríkissjóðs. Árið 2011, sem er síðasta ár sem staðfestar upplýsingar liggja fyrir um í ríkisreikningi, námu brúttótekjur af þessum skatti 143 milljörðum króna, en þegar tillit hefur verið tekið til endurgreiðslna af ýmsu tagi voru nettótekjur ríkissjóðs af virðisaukaskatti 131 milljarður króna það ár. Sambærileg fjárhæð fyrir árið 2010 var 124 milljarðar og liðlega 121 milljarður árið 2009 á verðlagi hvers árs. Í töflu 1 er yfirlit yfir tekjur ríkissjóðs af virðisaukaskatti frá 2004 til 2011 á rekstrargrunni þar sem fram kemur hvernig einstakir flokkar tekna og endurgreiðslna hafa þróast undanfarin ár. Þessi tafla sýnir framsetningu eins og hún er í ríkisreikningi þar sem tekjur af skattinum eru flokkaðar eftir innflutningi, innlendri veltu vöru og þjónustu og tegundum endurgreiðslna. Þar sést grannt að virðisaukaskattur sem innheimtur er í tolli hefur aukist á meðan sá hluti innheimtunnar sem fer fram innanlands hefur farið lækkandi á undanförunum árum. Það er sú breyting sem er aðaltilfni þeirrar skýrslubeiðni sem hér er verið að svara. Hér á eftir verður leitast við að gefa nánari skýringar á þessari þróun.

Tafla 1: Tekjur ríkissjóðs af virðisaukaskatti í ríkisreikningi 2004-2011, m.kr.


	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011
Virðisaukaskattur af innfluttum vörum	60.197	74.782	94.141	97.994	117.417	99.274	114.452	132.912
Vegna kaupa á þjónustu erlendis				537	1.120	997	1.219	1.923
Innlend vara og þjónusta	43.859	47.284	48.571	49.886	27.535	33.095	20.265	8.199
Endurgreiðslur								
Vegna íbúðarhúsnæðis	-2.192	-2.521	-3.423	-4.281	-4.134	-4.579	-4.678	-4.124
Til opinberra aðila	-3.414	-3.138	-4.428	-5.023	-6.324	-5.812	-5.439	-5.595
Til erlendra aðila	-376	-404	-577	-544	-811	-1.222	-1.236	-1.543
Af vörum til manneldis	-988	-1.083	-1.397	-265				
Vegna hitunar húsa	-244	-301	-317	-197	-192	-217	-242	-1
Aðrar endurgreiðslur	-409	-438	-446	-396	-395	-287	-367	-367
Brúttótekjur	104.056	122.066	142.712	148.417	146.072	133.366	135.936	143.034
Nettótekjur	96.433	114.181	132.124	137.711	134.216	121.249	123.974	131.404

Heimild: Ríkisreikningur, rekstrargrunnur.

Tölurnar í töflunni hér fyrir ofan gefa takmarkaða innsýn í það sem gerst hefur á undanförunum árum. Þær eru á verðlagi hvers árs og á því tímabili sem taflan nær yfir hefur skatthlutföllum verið breytt. Þá hefur á þessu tímabili vísitala neysluverðs hækkað um 61% og gengisvísitalan um 83%.

Á mynd 4 er sýnt hvernig skatttekjur við innflutning annars vegar og vegna innlestrar sölu hins vegar hafa breyst undanfarin ár á verðlagi ársins 2011 á mælikvarða vísitölu neysluverðs. Að öðru leyti byggja tölurnar á töflu 1 hér að framan. Rétt er að taka fram, sbr. spurningu 6 í skýrslubeiðninni, að áætlanir virðisaukaskatts sem eru til innheimtu eru meðtaldar í tölunum fyrir öll árin.

Mynd 4: Tekjur ríkissjóðs af virðisaukaskatti 2004-2011 á verðlagi 2011 eftir innflutningi og innlendri sölu.




Heimild: Ríkisreikningur, Hagstofa og eigin útreikningar.

Á mynd 4 má sjá að á verðlagi ársins 2011 voru tekjur ríkissjóðs af virðisaukaskatti sem greiddist við innflutning mestar árin 2006-2008 eins og vænta mátti. Síðan hrapa þær verulega á árinu 2009 en hafa síðan farið vaxandi eftir það að raungildi ár frá ári þó svo að þær hafi ekki náð sömu hæðum og fyrir hrun. Þegar horft er á tekjur af innlendri sölu birtist nánast andhverf þróun. Árið 2008 drógust þær saman um helming, jukust síðan örlítið á árinu 2009 en hafa síðan farið lækandi. Mest er lækunin milli árana 2010 og 2011 þegar tekjur af innlendri sölu lækka um nálægt 13 milljarða.

Önnur leið til að sýna hvernig þróun tekna ríkissjóðs af virðisaukaskatti hefur verið er að skoða sömu upplýsingar sem hlutfall af landsframleiðslu eins og gert er á mynd 5. Þar sést að tekjur af innflutningi jukust mjög fram til ársins 2008, drógust síðan verulega saman 2009, en hafa síðan rétt úr kútnum. Á þennan mælikvarða sést að virðisaukaskattur af innflutningi er nú hærra hlutfall af landsframleiðslu en hann hefur verið áður. Þróun virðisaukaskattstekna af innlendu sölnunni er hins vegar andhverf með sama hætti í mynd 5 eins og áður var komið fram í mynd 4.


Mynd 5: Tekjur ríkissjóðs af virðisaukaskatti 2004- 2011 sem hlutfall af landsframleiðslu eftir innflutningi og innlendri sölu.



Heimild: Ríkisreikningur, Hagstofa og eigin útreikningar.

Þó áhugavert sé að skoða hvernig tekjur af virðisaukaskatti hafa þróast eftir því hvort þær hafa orðið til við innflutning eða innlenda sölu þarf ávallt að hafa í huga að þessar tvær meginstærðir virðisaukaskattkerfisins eru nánast óaðskiljanlegar enda hreyfast þær hvor með annarri og oftast í gagnstæðar áttir eins og sést af myndunum hér að framan og það af eðlilegum ástæðum. Virðisaukaskattur sem lagður er á í tolli myndar að meginstofni til innskatt sem kemur til frádráttar þeim útskatti sem lagður er á við endanlega sölu innanlands. Innskattsfrádrátturinn hækkar með auknum innflutningi sem lækkar óhjákvæmilega að sama skapi nettóálagningu skattsins við endanlega sölu nema virðisaukning vörunnar eða þjónustunnar sem seld er geri betur en að vega upp aukningu innskattsins. Í árferði eins og ríkt hefur frá árinu 2008 sýnir innlend velta öll merki þess að dregið hafi úr virðisaukningu innanlands enda meiri líkur en minni að innlendir aðilar hafi þurft að gefa eftir hluta af álagningu sinni vegna minnkandi eftirspurnar.

Breytingar á skattþrepum geta einnig haft áhrif á afstöðu milli einstakra þátta í tekjuöflun virðisaukaskattsins. Hærra þrep virðisaukaskatts var 24,5% fram til ársins 2009 þegar það var hækkað í 25,5%. Lægra þrepið var upphaflega 14% en það var lækkað í 7% 1. mars 2007. Til að skoða nánar hvernig þróun tekna ríkissjóðs hefur verið verður næst athugað hvernig velta hefur þróast í báðum skattþrepum. Tölurnar eru annars vegar skoðaðar á föstu verðlagi á mælikvarða vísitölu neysluverðs en hins vegar sem hlutfall af landsframleiðslu. Mynd 6 sýnir veltu samkvæmt virðisaukaskattsskýrslum eftir þrepum á verðlagi ársins 2011. Það skal tekið fram að hér er velta skilgreind sem summa allra viðskipta skattskyldra aðila eins og hún kemur fram í virðisaukaskattsskýrslum þeirra. Eðli málsins samkvæmt eru því margliða viðskipti talin oftar en einu sinni.

Mynd 6: Virðisaukaskattsskyld velta eftir skattþrepum 2004 – 2011 á verðlagi 2011


Heimild: RSK, Hagstofa og eigin útreikningar

Myndin sýnir að velta í lægra þrepi virðisaukaskatts, sem að uppistöðu til er viðskipti með matvæli hefur aukist að raunvirði á undanförunum árum. Lækkun skatthlutfallsins árið 2007 hafði í för með sér töluverðan vaxtarkipp í viðskiptum sem jukust um fjórðung á einu ári. Árið eftir jókst velta í lægra þrepinu enn. Árið 2009 er eina árið þar sem velta í þessu þrepi dróst saman, um 0,4% en síðan þá hefur veltan vaxið kröftuglega. Því er ekki að sjá að efnahagshrunið hafi haft mikil áhrif á veltu í viðskiptum í lægra þrepi virðisaukaskattsins. Við því hefði reyndar mátt búast þar sem í þrepinu er að finna vörur sem fólk getur ekki verið án svo sem matvörur. Málum er allt öðru vísi farið um viðskipti í hærri (almenna) þrepinu. Raunvöxtur þar hafði verið 15% og 13% hvort árána 2005 og 2006 og árið 2007 bættust enn 5% við. Ástæðan var bæði miklar framkvæmdir en einnig gríðarleg einkaneysla. Strax árið 2008 varð raunsamdráttur tæplega 9% og árið eftir dróst veltan saman um fjórðung og hélt enn áfram að dragast saman árið eftir. Samtals dróst velta í hærri þrepinu saman um meira en þriðjung frá toppárinu 2007 til 2010. Árið 2011 var veltan næstum óbreytt frá fyrra ári.

Áhrif efnahagshrunsins á umfang efnahagsstarfseminnar í landinu koma óviða eins skýrt fram og í veltu í hærri þrepi virðisaukaskattsins þar sem saman fara áhrif af samdrætti í fjárfestingu og neyslu. Á verðlagi ársins 2011 nam samdrátturinn í veltu í hærri þrepi virðisaukaskattsins um 700 milljörðum króna á umræddu tímabili. Mynd 7 gefur síðan fyllri mynd af þróun viðskipta í þessum tveimur þrepum með því að sýna upphæðirnar sem hlutfall af vergri landsframleiðslu. Lægra þrepið var rétt rúmlega fimmtungur af landsframleiðslu en hækkaði árið 2007 í kjölfar lækkunar skatthlutfallsins. Síðan þá hefur hlutfallið farið stöðugt hækkanði og nam tæpum þriðjung af landsframleiðslunni árið 2011. Velta í hærri þrepinu var um og yfir 100% af landsframleiðslunni fram að hruninu en féll þá hratt niður í 80% og hefur verið þar síðan. Þessi hlutföll sýna í hnotskurn hvernig niðursveiflan í íslensku efnahagslífi

síðastliðin ár hefur breytt samsetningu virðisaukaskattsteknanna frá því að stafa af kaupum af fjárfestingavörum og varanlegum neysluvörum sem bera skatt í almennu (efra) þrepi yfir í virðisaukaskattstekjur af nauðsynjavörum í lægra þrepinu, eins og matvælum, sem skila ríkissjóði lægri tekjum. Með öðrum orðum, efnahagshrunið 2008 er meginorsökin fyrir minnkandi tekjum ríkissjóðs af virðisaukaskatti sem skert hefur afkomu ríkissjóðs með tilheyrandi skuldaföfnun og háum vaxtagreiðslum sem aftur rýra möguleika hins opinbera til aðgerða til að efla eftirspurn í hagkerfinu.


Mynd 7: Virðisaukaskattsskyld velta eftir skattþrepum sem hlutfall landsframleiðslu



Heimild: RSK, Hagstofa og eigin útreikningar.

Til að greina nánar þróun tekna ríkissjóðs af virðisaukaskattinum er gagnlegt að líta fyrst á hvernig tekjuöflunin af álagningu virðisaukaskatts hefur þróast á undanförunum árum eftir útskatti annars vegar og innskatti hins vegar og síðan í samhengi við virðisaukaskattstekjur af innflutningi á verðlagi ársins 2011 miðað við vísitölur neysluverðs. Þetta er gert á mynd 8 sem er sambærileg við mynd 4 hér að framan að öðru leyti en því að nettótekjunum af sölu innanlands er skipt upp í útskatt og innskatt.

Mynd 8: Innskattur og útskattur í virðisaukaskattskýrslum 2004-2011 og virðisaukaskattur greiddur við innflutning á verðlagi 2011



Heimild: RSK og ríkisreikningur, Hagstofa og eigin útreikningur.

Þar sést að innskattur og útskattur jukust frá fyrra ári árið 2005 og 2006 þótt innskattur ykist nokkuð meira bæði árin. Þegar skatthlutfall lægra þrepsins var lækkað 1. mars 2007 dróst útskattur saman um 4% vegna mun meiri veltuaukningar í lækkuðu lægra þrepi, eða um 25%, en í herra þrepi þar sem veltuaukningin var rúmlega 5%. Á sama tíma varð lítill vöxtur á innskatti. Árið 2008 var 2% raunsamdráttur bæði á innskatti og útskatti en árið 2009 fór hvor tveggja stærðanna niður um fjórðung. Vöxtur útskatts hefur verið lítill síðan þá á meðan innskattur hefur hækkað nokkuð eða í takt við virðisaukaskattstekjurnar af innflutningnum. Hér er að hluta að finna svar við spurningu 1 í skýrslubeiðninni, þ.e. nettóálagning virðisaukaskatts af innlendri sölu (útskattur-innskattur) hefur dregist saman vegna þess að frádráttur í formi innskatts hefur aukist meira en útskattur á endanlega sölu vöru og þjónustu. Hér á eftir er þessi lækkun skoðuð nánar eftir atvinnugreinum.

Þróun veltu og virðisaukaskatts eftir atvinnugreinum

Til að leita skýringa á því hvaða ástæður eru að baki þeirri þróun sem hér hefur verið lýst er nauðsynlegt að kafa nokkuð dýpra í gögn um álagningu virðisaukaskatts. Hér er fyrst til að taka að gerð hefur verið athugun á því hvaða breytingar hafa orðið á samsetningu veltu eftir atvinnugreinum. Borin eru saman árin 2009 og 2011 á verðlagi hvors árs eins og fram kemur í töflum 2 og 3, en þar koma einnig fram breytingar á vísitölu neysluverðs og gengi á umræddu tímabili. Fyrst er athugað hvernig veltan hefur þróast eftir þrepum, þ.e. neðra þrepi í töflu 2 og síðan í efra þrepi í töflu 3.

Eins og tölurnar í töflunum sýna hefur verið allt önnur þróun í veltu í herra þrepi virðisaukaskatts en í því lægra síðustu ár. Þannig er raunaukning í veltu í neðra þrepi upp á tæp 8% í heild m.v. vísitölu neysluverðs á meðan velta í efra þrepi lækkar um nálægt 5% að raungildi. Miklar sveifur eru milli einstakra atvinnugreina eins og sjá má í töflunum. Sem dæmi eykst velta í smásölu í neðra þrepi um og yfir 10% að raungildi og sama gildir um matvælaframleiðslu. Sú grein sem ræður mestu m raunsamdrátt í efra þrepinu er velta í byggingariðnaði sem dregst saman um þriðjung á umræddu tímabili sem ekki kemur á óvart. Hins vegar virðist bifreiðasala og –viðgerðir hafa aukist nokkuð frá árinu 2009. Heildverslun og smásöluverslun hafa aftur á móti staðið nokkurn veginn í stað þegar horft er til veltu í efra þrepi.

Tafla 2: Velta í neðra þrepi virðisaukaskatts 2009 og 2011 eftir atvinnugreinum

Atvinnuvegur	2009	2011	Breyting %
<i>Fjárhæðir í milljónum kr. á verðlag hvers árs</i>			
Landbúnaður og skógrækt	7.847	10.310	31%
Fiskveiðar	44.319	57.349	29%
Námugróftur og vinnsla hráefna úr jörðu	0	0	0%
Matvælaframleiðsla	96.202	117.696	22%
Textíl-, fata og leðuriðnaður	40	40	0%
Trjá- og pappírsiðnaður, prentun	241	441	83%
Framleiðsla á efnum og efnavörum, lyfjaframleiðsla	10	39	295%
Gúmmi- og plastvöruframleiðsla, gler-, leir- og steinefnaíðnaður	16	15	-9%
Framleiðsla málma o.fl.	26	92	259%
Framleiðsla á vélum og tækjum	0	0	-100%
Framleiðsla á vélknúnum ökutækjum	23	30	31%
Önnur framleiðsla, viðhald og uppsetning	32	44	35%
Rafmagns- og hitaveitur, endurvinnsla	13.220	16.712	26%
Byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð	192	380	98%
Bílasala, viðgerðir og sala varahluta	52	61	16%
Umboðs- og heildverslun	77.045	73.710	-4%
Smásala	114.529	137.669	20%
Flutningur og geymsla	1.391	4.814	246%
Rekstur gististaða og veitingarekstur	46.172	55.321	20%
Útgáfa, hljóð- og myndmiðlum	11.003	11.567	5%
Fjarskipti, þjónusta á sviði upplýsingatækni	375	341	-9%
Fjármála- og váttryggingastarfsemi	2.890	4.008	39%
Fasteignaviðskipti	197	284	44%
Fagleg, vísindaleg og tæknileg starfsemi	1.612	2.610	62%
Leigustarfsemi og ýmis sérhæfð þjónusta	22.330	27.307	22%
Opinber stjórnsýsla, fræðslu- og heilbrigðisstarfsemi	802	1.228	53%
Menningar- íþróttar og tómsundastarfsemi	544	549	1%
Félagasamtök, þjónustustarfsemi, önnur starfsemi	1.183	819	-31%
Samtals	442.294	523.435	18%
Samtals án framleiðslu málma	442.268	523.343	18%
Vísitala neysluverðs, meðaltal ársins	345	378	10%
Vísitala meðalgengis	210	204	-3%

Tafla 3: Velta í efra þrepi virðisaukaskatts 2009 og 2011 eftir atvinnugreinum

Atvinnuvegur	2009	2011	Breyting %
<i>Fjárhæðir í milljónum kr. á verðlag hvers árs</i>			
Landbúnaður og skógrækt	20.613	22.659	10%
Fiskveiðar	4.568	5.734	26%
Námugróftur og vinnsla hráefna úr jörðu	1.714	1.481	-14%
Matvælaframleiðsla	39.452	43.620	11%
Textíl-, fata og leðuriðnaður	5.870	5.567	-5%
Trjá- og pappírsiðnaður, prentun	12.857	11.810	-8%
Framleiðsla á efnum og efnavörum, lyfjaframleiðsla	6.168	5.779	-6%
Gúmmi- og plastvöruframleiðsla, gler-, leir- og steinefnaíðnaður	23.128	18.232	-21%
Framleiðsla málma o.fl.	17.485	19.184	10%
Framleiðsla á vélum og tækjum	6.766	9.768	44%
Framleiðsla á vélknúnum ökutækjum	1.372	1.503	10%
Önnur framleiðsla, viðhald og uppsetning	14.377	17.194	20%
Rafmagns- og hitaveitur, endurvinnsla	122.942	123.488	0%
Byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð	142.534	108.369	-24%
Bílasala, viðgerðir og sala varahluta	46.252	59.690	29%
Umboðs- og heildverslun	213.927	228.881	7%
Smásala	214.181	228.033	6%
Flutningur og geymsla	32.572	37.004	14%
Rekstur gististaða og veitingarekstur	9.211	10.863	18%
Útgáfa, hljóð- og myndmiðlum	16.466	21.454	30%
Fjarskipti, þjónusta á sviði upplýsingatækni	48.628	58.953	21%
Fjármála- og váttryggingastarfsemi	44.396	37.524	-15%
Fasteignaviðskipti	46.723	50.362	8%
Fagleg, vísindaleg og tæknileg starfsemi	104.872	122.211	17%
Leigustarfsemi og ýmis sérhæfð þjónusta	29.661	35.781	21%
Opinber stjórnsýsla, fræðslu- og heilbrigðisstarfsemi	11.108	12.178	10%
Menningar- íþrótt og tómsundastarfsemi	2.904	2.433	-16%
Félagasamtök, þjónustustarfsemi, önnur starfsemi	11.015	12.438	13%
Samtals	1.251.764	1.312.193	5%
Samtals án framleiðslu málma	1.234.279	1.293.009	5%
Vísitala neysluverðs, meðaltal ársins	345	378	10%
Vísitala meðalgengis	210	204	-3%

Í töflu 4, 5 og 6 kemur fram hvernig útskattur, innskattur og nettóálagning af innlendri sölu samkvæmt virðisaukaskattskýrslum skiptist á milli atvinnugreina. Þarna er fyrst og fremst vert að skoða hvernig þessar stærðir hafa breyst milli 2009 og 2011. Í ljós kemur að útskattur í heild hefur því sem næst haldist óbreyttur að raungildi miðað við vísitölu neysliverðs á meðan innskattur hefur aukist um 9% umfram verðlag í heild, en 4% án innskatts hjá stóriðju (framleiðslu málma).

Í töflu 6 kemur fram hin endanlega álagning virðisaukaskatts eins og hún birtist í skýrslum um virðisaukaskatt þar sem innskattur af aðföngum, bæði innfluttum og innlendum hefur verið dreginn frá útskatti. Þær atvinnugreinar sem eru með neikvæða álagningu einkennast annars vegar af útflutningi en hins vegar af því að hátt hlutfall viðskipta í greininni eru í lægra þrepi virðisaukaskatts meðan aðföngin geta verið í báðum skattþrepum. Hér er brýnt að skoða heildartölurnar með og án stóriðju. Án þeirrar atvinnugreinar hefur nettóálagning dregist saman um 15% milli árána 2009 og 2011. Ekki hefur unnist tími til að skoða nánar mikla aukningu innskatts, eða um 48%, í umræddri atvinnugrein, en greinin skilar ekki útskatti nema að litlu leyti þar sem framleiðsla hennar er nær öll útflutningur og þar með undanþegin samkvæmt 12. gr.

Til að gefa heildarmynd af umsvifum einstakra atvinnugreina, eins og þau koma fram á skýrslum um virðisaukaskatt er í töflu 7 sýnd sundurgreining á helstu stærðum kerfisins eins og þær birtast í virðisaukaskattskýrslum fyrir árið 2011. Hér með eru ekki þeir aðilar, opinberir og í einkareknum hluta hagkerfisins, sem ekki stunda virðisaukaskattskylda starfsemi og skila þar með ekki virðisaukaskattskýrslum.

Tafla 4: Útskattur í virðisaukaskattskyldum atvinnugreinum 2009 og 2011

Atvinnuvegur	2009	2011	Breyting, %
<i>Fjárhæðir í milljónum kr. á verðlag hvers árs</i>			
Landbúnaður og skógrækt	5.638	6.600	17%
Fiskveiðar	4.258	5.538	30%
Námugróftur og vinnsla hráefna úr jörðu	423	379	-11%
Matvælaframleiðsla	16.427	19.417	18%
Textíl-, fata og leðuriðnaður	1.445	1.443	0%
Trjá- og pappírsiðnaður, prentun	3.188	3.079	-3%
Framleiðsla á efnum og efnavörum, lyfjaframleiðsla	1.523	1.488	-2%
Gúmmí- og plastvöruframleiðsla, gler-, leir- og steinefnaíðnaður	5.733	4.672	-19%
Framleiðsla málma o.fl.	4.353	5.010	15%
Framleiðsla á vélum og tækjum	1.667	2.501	50%
Framleiðsla á vélknúnum ökutækjum	341	387	14%
Önnur framleiðsla, viðhald og uppsetning	3.549	4.433	25%
Rafmagns- og hitaveitur, endurvinnsla	31.051	32.660	5%
Byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð	36.825	29.119	-21%
Bílasala, viðgerðir og sala varahluta	11.484	15.374	34%
Umboðs- og heildverslun	58.041	63.796	10%
Smásala	60.749	68.107	12%
Flutningur og geymsla	8.249	9.948	21%
Rekstur gististaða og veitingarekstur	5.643	6.813	21%
Útgáfa, hljóð- og myndmiðlum	4.935	6.422	30%
Fjarskipti, þjónusta á sviði upplýsingatækni	12.027	15.166	26%
Fjármála- og váttryggingastarfsemi	11.100	9.867	-11%
Fasteignaviðskipti	11.543	13.012	13%
Fagleg, vísindaleg og tæknileg starfsemi	26.532	31.968	20%
Leigustarfsemi og ýmis sérhæfð þjónusta	9.062	11.254	24%
Opinber stjórnsýsla, fræðslu- og heilbrigðisstarfsemi	2.785	3.203	15%
Menningar- íþróttar og tómstundastarfsemi	817	710	-13%
Félagasamtök, þjónustustarfsemi, önnur starfsemi	2.905	3.469	19%
Samtals	342.294	375.835	10%
Samtals án framleiðslu málma	337.941	370.825	10%
Vísitala neysluverðs, meðaltal ársins	345	378	10%
Vísitala meðalgengis	210	204	-3%

Tafla 5: Innskattur í virðisaukaskattskyldum atvinnugreinum 2009 og 2011

Atvinnuvegur	2009	2011	Breyting, %
<i>Fjárhæðir í milljónum kr. á verðlag hvers árs</i>			
Landbúnaður og skógrækt	5.663	7.171	27%
Fiskveiðar	6.193	8.018	29%
Námugróftur og vinnsla hráefna úr jörðu	457	356	-22%
Matvælaframleiðsla	27.078	33.751	25%
Textíl-, fata og leðuriðnaður	1.254	1.274	2%
Trjá- og pappírsiðnaður, prentun	2.001	1.857	-7%
Framleiðsla á efnum og efnavörum, lyfjaframleiðsla	1.152	1.236	7%
Gúmmi- og plastvöruframleiðsla, gler-, leir- og steinefnaíðnaður	3.829	3.532	-8%
Framleiðsla málma o.fl.	40.176	59.624	48%
Framleiðsla á vélum og tækjum	1.956	3.069	57%
Framleiðsla á vélknúnum ökutækjum	409	413	1%
Önnur framleiðsla, viðhald og uppsetning	2.137	2.719	27%
Rafmagns- og hitaveitur, endurvinnsla	24.958	20.381	-18%
Byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð	23.145	18.569	-20%
Bílasala, viðgerðir og sala varahluta	9.755	11.945	22%
Umboðs- og heildverslun	51.630	58.920	14%
Smásala	51.242	61.560	20%
Flutningur og geymsla	8.761	10.285	17%
Rekstur gististaða og veitingarekstur	5.251	6.524	24%
Útgáfa, hljóð- og myndmiðlum	3.503	4.643	33%
Fjarskipti, þjónusta á sviði upplýsingatækni	6.042	8.530	41%
Fjármála- og váttryggingastarfsemi	5.067	7.863	55%
Fasteignaviðskipti	4.661	4.911	5%
Fagleg, vísindaleg og tæknileg starfsemi	11.160	15.229	36%
Leigustarfsemi og ýmis sérhæfð þjónusta	5.254	6.780	29%
Opinber stjórnsýsla, fræðslu- og heilbrigðisstarfsemi	1.697	2.217	31%
Menningar- íþróttar og tómsundastarfsemi	473	457	-3%
Félagasamtök, þjónustustarfsemi, önnur starfsemi	1.330	1.570	18%
Samtals	306.233	363.405	19%
Samtals án framleiðslu málma	266.056	303.781	14%
Vísitala neysluverðs, meðaltal ársins	345	378	10%
Vísitala meðalgengis	210	204	-3%

Tafla 6: Álagning virðisaukaskatts 2009 og 2011 eftir atvinnugreinum

Atvinnuvegur	2009	2011	Breyting %
<i>Fjárhæðir í milljónum kr. á verðlag hvers árs</i>			
Landbúnaður og skógrækt	-25	-571	2197%
Fiskveiðar	-1.935	-2.480	28%
Námugróftur og vinnsla hráefna úr jörðu	-34	23	-166%
Matvælaframleiðsla	-10.651	-14.334	35%
Textíl-, fata og leðuriðnaður	191	169	-12%
Trjá- og pappírsiðnaður, prentun	1.186	1.220	3%
Framleiðsla á efnum og efnavörum, lyfjaframleiðsla	372	252	-32%
Gúmmí- og plastvöruframleiðsla, gler-, leir- og steinefnaíðnaður	1.904	1.140	-40%
Framleiðsla málma o.fl.	-35.823	-54.612	52%
Framleiðsla á vélum og tækjum	-289	-569	97%
Framleiðsla á vélknúnum ökutækjum	-68	-25	-62%
Önnur framleiðsla, viðhald og uppsetning	1.412	1.715	22%
Rafmagns- og hitaveitur, endurvinnsla	6.093	12.278	102%
Byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð	13.679	10.549	-23%
Bílasala, viðgerðir og sala varahluta	1.729	3.428	98%
Umboðs- og heildverslun	6.412	4.876	-24%
Smásala	9.507	6.547	-31%
Flutningur og geymsla	-512	-337	-34%
Rekstur gististaða og veitingarekstur	393	289	-26%
Útgáfa, hljóð- og myndmiðlum	1.432	1.779	24%
Fjarskipti, þjónusta á sviði upplýsingatækni	5.985	6.636	11%
Fjármála- og váttryggingarstarfsemi	6.034	2.003	-67%
Fasteignaviðskipti	6.882	8.101	18%
Fagleg, vísindaleg og tæknileg starfsemi	15.373	16.739	9%
Leigustarfsemi og ýmis sérhæfð þjónusta	3.808	4.473	17%
Opinber stjórnsýsla, fræðslu- og heilbrigðisstarfsemi	1.088	987	-9%
Menningar- íþróttá og tómstundastarfsemi	344	253	-27%
Félagasamtök, þjónustustarfsemi, önnur starfsemi	1.575	1.899	21%
Samtals	36.061	12.427	-66%
Samtals án framleiðslu málma	71.884	67.040	-7%
Vísitala neysluverðs, meðaltal ársins	345	378	10%
Vísitala meðalgengis	210	204	-3%

Tafla 7: Velta eftir tegund, innskattur, útskattur og álagning virðisaukaskatts eftir atvinnugreinum árið 2011

Atvinnuvegur

Fjárhæðir í milljónum kr.	Velta lægra	Velta hærra	Undanþegin velta	Innskattur	Útskattur	Álagning
Landbúnaður og skógrækt	10.310	22.659	10.020	7.171	6.600	-571
Fiskveiðar	57.349	5.734	64.089	8.018	5.538	-2.480
Námugróftur	0	1.481	1.027	356	379	23
Matvælaframleiðsla	117.696	43.620	228.573	33.751	19.417	-14.334
Textíl-, fata og leðuriðnaður	40	5.567	4.540	1.274	1.443	169
Trjá- og pappírsiðnaður, prentun	441	11.810	104	1.857	3.079	1.220
Framleiðsla á efnum og efnavörum, lyfjaframleiðsla	39	5.779	1.903	1.236	1.488	252
Gúmmi-, plast, gler-, leir- og steinefnaíðnaður	15	18.232	2.468	3.532	4.672	1.140
Framleiðsla málma o.fl.	92	19.184	269.923	59.624	5.010	-54.612
Framleiðsla á vélum og tækjum	0	9.768	17.149	3.069	2.501	-569
Framleiðsla á vélknúnum ökutækjum	30	1.503	1.563	413	387	-25
Önnur framleiðsla, viðhald og uppsetning	44	17.194	11.699	2.719	4.433	1.715
Rafmagns- og hitaveitur, endurvinnsla	16.712	123.488	5.671	20.381	32.660	12.278
Byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð	380	108.369	6.218	18.569	29.119	10.549
Bílasala, viðgerðir og sala varahluta	61	59.690	3.013	11.945	15.374	3.428
Umboðs- og heildverslun	73.710	228.881	215.195	58.920	63.796	4.876
Smásala	137.669	228.033	35.424	61.560	68.107	6.547
Flutningur og geymsla	4.814	37.004	213.934	10.285	9.948	-337
Rekstur gististaða og veitingarekstur	55.321	10.863	1.217	6.524	6.813	289
Útgáfa, hljóð- og myndmiðlun	11.567	21.454	4.126	4.643	6.422	1.779
Fjarskipti, þjónusta á sviði upplýsingatækni	341	58.953	11.391	8.530	15.166	6.636
Fjármála- og váttryggingastarfsemi	4.008	37.524	37.584	7.863	9.867	2.003
Fasteignaviðskipti	284	50.362	894	4.911	13.012	8.101
Fagleg, vísindaleg og tæknileg starfsemi	2.610	122.211	18.817	15.229	31.968	16.739
Leigustarfsemi og ýmis sérhæfð þjónusta	27.307	35.781	4.636	6.780	11.254	4.473
Opinber stjórnslá og þjónusta	1.228	12.178	222	2.217	3.203	987
Menningar- íþróttá og tómstundastarfsemi	549	2.433	1.131	457	710	253
Félagasamtök, önnur þjónusta	819	12.438	636	1.570	3.469	1.899
Samtals	523.435	1.312.193	1.173.167	363.405	375.835	12.427
Samtals án framleiðslu málma	523.343	1.293.009	903.244	303.781	370.825	67.040

Viðauki: Skýrslubeiðni

Með vísan til 54. gr. stjórnarskrárinnar og 54. gr. laga um þingsköp Alþingis er þess óskað að fjármála- og efnahagsráðherra flytji Alþingi skýrslu um tekjutap ríkisins vegna samdráttar á virðisaukaskatti af innlendum vörum og þjónustu (nettóálagning) eða þeim hluta virðisaukaskatts sem er lagður á hjá ríkisskattstjóra. Ekki er óskað eftir upplýsingum um virðisaukaskatt af innflutningi sem er álagður og innheimtur hjá tollstjóra.

Meðal þess sem óskað er eftir að fram komi í skýrslunni er eftirfarandi:

1. Hver er skýringin á því að þegar nettóálagning síðustu ára er skoðuð þá má sjá að hún hefur lækkað mikið?
2. Hvernig hefur þetta tekjutap áhrif á hagþróun og tekjur ríkisins?
3. Hefur verið gerð sérstök greining eða rannsókn á þessu tekjutapi í ráðuneytinu?
4. Svo virðist vera að tekjutap ríkisins af virðisaukaskatti af innlendum vörum og þjónustu hafi verið rúmir 25 milljarðar kr. frá árinu 2009, hvert var tapið á árinu 2011 og það sem af er ársins 2012?
5. Hver var heildarútskattsveltan og heildarinnskattsveltan á árunum 2009, 2010 og 2011 sem mynda nettótölurnar í ríkisreikningi þessara ára?
6. Getur verið að tölur fyrir áætlaða aðila séu taldar með í ríkisreikningi 2011, en ekki fyrir 2009 og 2010?